

# Farsæld -ný lög og kerfisbreytingar-

Kynning fyrir Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks í Reykjavík.

Nóvember 2022  
Bryndís Snæbjörnsdóttir  
Þórdís L. Guðmundsdóttir



# Farsældarlögin

- Lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021) tóku gildi 1. janúar 2022.
- **Innleiðingartímabil laganna er skilgreint 3 - 5 ár.**
- Lögin varða öll börn og ungmenni á Íslandi frá 0 - 18 ára aldurs.
- Meginmarkmið laganna er að búa til umgjörð sem stuðlar að því að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.



# Farsældarlögin

- ALLIR sem bera ábyrgð samkvæmt lögum þessum skulu:
- Fylgjast með velferð og farsæld barna og foreldra og meta þörf fyrir þjónustu.
- Bregðast við þörf barna og foreldra fyrir þjónustu á skilvirkan hátt um leið og hún vaknar.
- Eiga samráð sín á milli með það að markmiði að þjónusta sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra.



# Farsældarlögin

- Snemmtækur stuðningur á vettvangi barna og fjölskylda
- Stigskipt þjónusta innan og milli þjónustustiga
- Tengiliður á 1. stigi þjónustunnar
- beiðni og samþykki foreldra fyrir samþættingu
- Málstjóri á 2. og 3. stigi þjónustunnar

Stuðningsteymi barns  
Stuðningsáætlun barns  
Beiðni og samþykki foreldra fyrir samþættingu



# Málstjóri

21. gr. farsældarlaganna.

Málstjóri hefur hagsmuni barns að leiðarljósi.

Málstjóri skal rækja hlutverk sitt í samstarfi og samráði við foreldra og barn.

- Veita ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns.
- Aðstoða við að tryggja aðgang að mati og/eða greiningu á þörfum barns.
- Bera ábyrgð á gerð stuðningsáætlunar og að stýra stuðningsteymi.
- Fylgja því eftir að þjónusta sé veitt í samræmi við stuðningsáætlun.
- Veita þeim sem sitja í stuðningsteymi ráðgjöf og upplýsingar um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns.



# Markmið samþættingar

- Að samstarf um þjónustu við börn eigi skýran farveg.
- Að öll börn og foreldrar þeirra hafi aðgang að þjónustu við hæfi án hindrana meðal annars með með málstjóra.
- Að þeir sem veita börnum þjónustu hafi lagalega ábyrgð gagnvart því að fylgjast með velferð og farsæld allra barna og að hafa samráð sín á milli til að veita góða þjónustu við hæfi.

# TEYMISVINNA OG SAMSTARF

- Önnur vinnubrögð þegar samþætta á þjónustuna
- Kerfin koma saman, HLUSTA og finna leiðir með notandanum til þess að samþætta þjónustuna og gera hana skilvirkari - mæta þörfum
- Kerfislægar hindranir
- Samráð er ekki það sama og teymisvinna
- Samstarf við heilsugæslu og heimahjúkrun, Vinnumálastofnun, lækna, geðheilsuteymin, framhaldsskóla og háskóla...
  - Ýmsar aðrar áskoranir



# Lög nr. 38/2018

- ▶ ***Einstaklingsbundin þjónustuáætlun:*** Áætlun um framkvæmd fjölþættrar þjónustu þar sem tiltekin eru markmið áætlunarinnar og leiðir, hverjir séu samstarfsaðilar og hverjir beri ábyrgð á að koma áætluninni í framkvæmd í samræmi við markmið laga þessara, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim sem og almennra laga á sviði félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu og menntunar.

## 12. gr. Einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir og þjónustuteymi.

- ▶ Fatlaður einstaklingur sem hefur þörf fyrir **viðvarandi fjölþættan stuðning þjónustukerfa** félags-, heilbrigðis- og menntamála á rétt á einstaklingsbundinni þjónustuáætlun.
- ▶ Skulu viðkomandi aðilar mynda **þverfaglegt þjónustuteymi** undir forystu félagsþjónustunnar sem hefur það hlutverk að útfæra þjónustu við viðkomandi, hafa samráð um þjónustuna og tryggja samfellu og gæði hennar.





# Lög nr.38/2018 - breytingar júní 2022

## 14. gr. Snemmtækur stuðningur, íhlutun og greining.

Þjónustuveitendum og þeim sem veita almenna þjónustu í þágu farsældar barna ber skylda til að bregðast við vísbendingum um að þörfum barns sé ekki mætt í samræmi við ákvæði laga **um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.**

Ef þjónustuveitandi telur að barn kunni að hafa stuðningsþarfir vegna fötlunar, sem ekki er mætt, og foreldrar viðkomandi barns kjósa að óska ekki eftir samþættingu þjónustu, sbr. 1. mgr., skal þjónustuveitandi taka saman upplýsingar um aðstæður barns sem varpa ljósi á vísbendingar um að þörfum barns sé ekki mætt og stuðningsþarfir og miðla þeim til þeirra aðila innan sveitarfélags sem bera ábyrgð á skipulagi og þjónustu við fatlað fólk, sbr. 1. mgr. 5. gr.

Viðbrögð þjónustuveitenda samkvæmt þessari grein skulu miða að því að barn fái **snemmtækan stuðning og íhlutun.** Frumgreining og/eða annars konar mat á þörfum barns skal fara fram svo fljótt sem verða má. Mæta skal stuðningsþörfum barns þótt greining liggi ekki fyrir.



# Lög nr. 38/2018 - breytingar júní 2022

## 19. gr. Málstjóri, stuðningsteymi og stuðningsáætlun.

Um rétt fatlaðra barna, sem hafa þörf fyrir fjölþætta þjónustu á öðru og/eða þriðja stigi til lengri tíma, til málstjóra, stuðningsteymis og stuðningsáætlunar **fer samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.**

Áður en fatlað barn, sem hefur þörf fyrir fjölþætta þjónustu á öðru og/eða þriðja stigi, verður 18 ára skal stuðningsteymi gera áætlun þar sem fjallað er um þjónustu fyrir barnið eftir að það nær fullorðinsaldri, eftir atvikum í samstarfi við þjónustuteymi, sbr. 12. gr.



# Fötlúð börn og farsældarlögin

- ▶ Samkvæmt farsældarlögum geta bæði foreldrar og börn óskað eftir málstjóra.
- ▶ Samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir eiga fötlúð börn sem hafa þörf fyrir þjónustu á öðru og þriðja stigi til lengri tíma rétt á málstjóra, stuðningsteymi og stuðningsáætlun (breyting á lögum 38/2018 gerð í júní 2022).
- ▶ Þegar barn hefur þörf fyrir fjölpætta þjónustu á öðru og/eða þriðja stigi til lengri tíma skal sveitarfélag tilnefna málstjóra í þágu farsældar barnsins ef fyrir liggur beiðni foreldra og/eða barns.



# Fötluð börn og farsældarlögin

- Ef þjónustuveitandi telur að barn kunni að hafa stuðningsþarfir vegna fötlunar, sem ekki er mætt, og foreldrar viðkomandi barns kjósa að óska ekki eftir samþættingu þjónustu, sbr. 1. mgr., skal þjónustuveitandi taka saman upplýsingar um aðstæður barns sem varpa ljósi á vísbendingar um að þörfum barns sé ekki mætt og stuðningsþarfir og miðla þeim til þeirra aðila innan sveitarfélags sem bera ábyrgð á skipulagi og þjónustu við fatlað fólk (14. gr. nr. 38/2018)



# Fötluð börn og farsældarlögin

- Áður en fatlað barn, sem hefur þörf fyrir fjölþætta þjónustu á öðru og/eða þriðja stigi, verður 18 ára skal stuðningsteymi gera áætlun þar sem fjallað er um þjónustu fyrir barnið eftir að það nær fullorðinsaldri, eftir atvikum í samstarfi við þjónustuteymi, sbr. 12. gr.



# Fötluð börn og farsældarlögin

- Ráðgjafar- og greiningarstöð telst þjónustuveitandi í skilningi farsældarlaganna þegar um er að ræða börn þar sem þörf er á sérþekkingu á fötlun barna, íhlutunarleiðum og stuðningsþörfum
- Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingur gegnir sambærilegu hlutverki þegar um fötlun vegna blindu og sjónskerðingar er að ræða.
- Þjónustuveitendur teljast allir þeir aðilar sem veita farsældarþjónustu, hvort sem þeir eru hluti af stjórnsýslu ríkis eða sveitarfélaga eða einkaaðilar sem veita slíka þjónustu á grundvelli samnings, sbr. 14. tölul. 2. gr. laganna. Farsældarlögin taka til allra barna og allra þeirra fjölmörgu aðila sem veita farsældarþjónustu á grundvelli þeirra.



# Fötluð börn og farsældarlögin

Samkvæmt lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk (breytingar júní 2022)

- ▶ Skal réttindagæslumaður í störfum sínum hafa það sem er barninu fyrir bestu að leiðarljósi ef um er að ræða fatlað barn. Hann skal hlusta á skoðanir barnsins og taka réttmætt tillit til þeirra í samræmi við aldur og þroska barnsins.
- ▶ Ef réttindagæslumaður telur að þörfum fatlaðs barns sé ekki mætt með fullnægjandi hætti skal hann veita foreldrum og/eða barni leiðbeiningar um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Ef foreldri og/eða barn setur fram beiðni þar að lútandi getur réttindagæslumaður tekið saman upplýsingar um aðstæður barns og miðlað þeim til tengiliðar eða málstjóra þjónustu í þágu farsældar barns.



# Stigskipting þjónustu í þágu farsældar barna

## ► Fyrsta stig

Grunnþjónusta aðgengileg öllum börnum og foreldrum

## ► Annað stig

Einstaklingsbundinn og markviss stuðningur í samræmi við faglegt mat/frumgreiningu á þörfum barns

## ► Þriðja stig

Einstaklingsbundinn og sérhæfður stuðningur sem er veittur í samræmi við sérhæft og ítarlegt mat og/eða greiningu á þörfum barns. Veitt á grundvelli stuðningsáætlunar um samþætta þjónustu og eftirfylgd.





# Deild barna og fjölskyldna á Velferðarsviði

- Deildinni er ætlað að veita heildstæða og samþætta þjónustu til barna og fjölskyldna þar sem lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 verða leiðarljósið í skipulagi þjónustunnar.



# Barna og fjölskyldustofa

- Barna- og fjölskyldustofa er ríkisstofnun sem heyrir undir mennta- og barnamálaráðherra og starfar á grundvelli laga nr. 87/2021. Stofan hefur víðtækt hlutverk og sinnir verkefnum sem tengjast þjónustu í þágu barna á grundvelli ýmissa laga, t.a.m. barnaverndarlaga og laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
- Markmið Barna- og fjölskyldustofu er að vinna að velferð barna. Meginhlutverk stofnunarinnar er að veita og styðja við þjónustu í þágu barna og stuðla að gæðapróun í samræmi við bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma.
- <https://www.bvs.is/>



Skrefin sem á að taka þegar þörf er fyrir fjölþættan og viðvarandi stuðning og það er þörf á að samþætta þjónustuna

